

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 19. desember 1977

um breytingu á tilskipunum 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE, 68/193/EBE, 69/208/EBE, 70/458/EBE og 70/457/EBE um markaðssetningu sykkurófufræja, fódurjurtafræja, sáðkorns, efnis fyrir kynlausa fjölgun vínviðar, olíu- og trefjajurtafræja, matjurtafræja og um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði

(78/55/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Af ástæðum sem greint er frá hér á eftir ætti að breyta ákveðnum tilskipunum um markaðssetningu á fræi og fjölgunarefni.

Í gildandi ákvæðum þessara tilskipana þar sem fjallað er um merkingar á fræi og fjölgunarefni er ekki höfð hliðsjón af tækniframförum í aðferðum við merkingar. Þeim ætti því að breyta.

Hvað ákveðnar tilskipanir varðar ætti að kveða á um hraðvirka málsmeðferð við að breyta skráum yfir tegundir með tilliti til lýsinga og blendinga sem hafa orðið til vegna víxlæxlana milli tegunda.

Meginreglan er sú að fræ sem á að vottfesta sem „vottað fræ“ eigi að vera ræktað frá stofnfræi. Samt sem áður er í fyrrnefndum tilskipunum veitt undanþága og heimilud vottfesting „vottaðs fræs“ á fræi ákveðinna tegunda ef sáð er til þess með fræi af ættlið á undan stofnfræi sem staðist hefur opinbera athugun. Fyrir sumar tegundir nægir þessi undanþága ekki, einkum tegundir sem leyfilegt er að vottfesta sem „vottað fræ af öðrum ættlið“. Því ætti að rýmka þessa undanþágu að því tilskildu að tryggingar séu nægar.

Reynslan af því að afla trefjalínfræja (spunalín) hefur sýnt að nauðsynlegt er að leyfa flokkinn „vottað fræ af þriðja ættlið“ í fjögur ár til viðbótar. Þessi frestur ætti einnig að

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 183, 1. 8. 1977, bls. 64.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. C 180, 28. 7. 1977, bls. 29.

gera aðildarríkjunum kleift að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja í náinni framtíð nægilegar birgðir trefjalínfræja (spunalín) í flokkunum „vottað fræ af fyrsta ættlið“ og „vottað fræ af öðrum ættlið“.

Í tilskipun ráðsins 70/457/EBE frá 29. september 1970 um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 73/438/EBE ⁽⁴⁾, og tilskipun ráðsins 70/458/EBE frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafræja ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 76/307/EBE ⁽⁶⁾, er kveðið á um að frá 1. júlí 1977 geti aðildarríki ekki lengur staðfest innanlands jafngildi athugana og eftirlits með reglum um viðhald stofna sem framfylgt er í þriðju löndum. Í tilskipun ráðsins 70/458/EBE er kveðið á um að frá 1. júlí 1977 geti aðildarríki ekki lengur staðfest innanlands jafngildi fræja sem eru uppskorin í þriðju löndum.

Þó eru líkur á að athugunum viðvirkandi viðurkenningu þessa jafngildis innan bandalagsins verði ekki lokið innan fyrrgreindra tímamarka í öllum þeim tilvikum sem jafngildi hefur verið viðurkennt á innlendum grunni. Því ætti að vera hægt í ákveðnum tilvikum með hraðvirkri málsmeðferð að lengja frestinn til að komast hjá röskun hefðbundinna viðskiptahátta.

SAMPYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Tilskipun ráðsins 66/400/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykkurófufræja ⁽⁷⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 76/331/EBE ⁽⁸⁾, breytist sem hér segir:

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 356, 27. 12. 1973, bls. 79.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 7.

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB nr. L 72, 18. 3. 1976, bls. 16.

⁽⁷⁾ Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2290/66.

⁽⁸⁾ Stjútíð. EB nr. L 83, 30. 3. 1976, bls. 34.

1. Í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„11. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að umbúðir stofnfræja og vottaðra fræja, nema þegar fræ í síðarnefnda floknum er í formi EB-smápakka:

a) séu merktar að utan með opinberum merkimiða sem hefur ekki verið notaður áður, sem uppfyllir skilyrði A-hluta III. viðauka og er á einhverju opinberu tungumáli bandalagsins. Merkimiðinn skal vera hvítur fyrir stofnfræ og blár fyrir vottað fræ. Þegar notaður er merkimiði með gati skal festing hans tryggð með opinberu innsigli. Ef stofnfræ uppfyllir ekki skilyrði I. viðauka um spírunarhæfni, sbr. a-lið 4. gr., skal það koma fram á merkimiðanum. Notkun opinberra límmiða er heimilud. Í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr. má heimila prentun tilskilinna upplýsinga með óafmáanlegu bleki á umbúðirnar, undir opinberu eftirliti og samkvæmt fyrirmynd merkimiðans;

b) innihaldi opinbert skjal, í sama lit og merkimiðinn, með að minnsta kosti þeim upplýsingum sem eiga að vera á merkimiðanum samkvæmt 3., 4., 5., 10. og 11. tölul. A-hluta III. viðauka. Þetta skjal skal vera þannig úr garði gert að ekki sé hægt að rugla því saman við opinbera merkimiðann sem getið er um í a-lið. Skjalið er óþarft ef upplýsingarnar eru prentaðar á umbúðirnar með óafmáanlegu bleki, sbr. ákvæði a-liðar, eða notaður er límmiði eða miði úr efni sem rifnar ekki.

2. Aðildarríkin mega kveða á um frávik frá 1. mgr. fyrir litla pakka af stofnfræi sem eru merktir: „eingöngu til sölu í... (viðkomandi aðildarríki)“.

2. Í stað „loka og merkja opinberlega“ í 11. gr. b komi „loka og merkja opinberlega eða undir opinberu eftirliti“.

3. Í stað „hafa verið merktar og hefur verið lokað eins og lýst er í þessari tilskipun“ í fyrsta undirlið 1. mgr. 14. gr. komi „hafa verið merktar og hefur verið lokað opinberlega eða undir opinberu eftirliti“.

4. Í I. hluta A-hluta III. viðauka bætist eftirfarandi:

„12. Hafi að minnsta kosti spírunarhæfni verið endurprófuð má tilgreina orðin „endurprófað ... (mánuð-

ur og ár)“ ásamt yfirvaldi sem ber ábyrgð á endurprófuninni. Slíkar upplýsingar má setja á sjálflímandi miða sem er festur á opinbera merkimiðann.“

2. gr.

Tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 75/444/EBE ⁽²⁾, breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgreinar bætast við í 2. gr.:

„1.a Breytingar á skráum yfir tegundir sem getið er um í A-hluta 1. mgr. sem nauðsynlegt er að gera í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda, og varða lýsingar og blendinga sem hafa orðið til vegna víxlæxlana milli tegunda sem falla undir þessa tilskipun, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr.

1.b Í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr. má heimila aðildarríkjunum, með því að víkja frá a-lið C-hluta 1. mgr., að vottfesta, sem vottað fræ, fræ tegunda með sjálfrævun eða tegunda með kynlausri æxlun, sem lagt hefur verið fram til vottfestingar sem stofnfræ og sáð hefur verið til með fræi af ættlið á undan stofnfræi en hefur ekki staðist opinbera athugun. Þetta ákvæði gildir ekki um fræ af blendingum. Vottfesting „vottaðs fræs“ fer einungis fram ef umsækjandi æskir þess með samþykki ræktunarmanns og ef opinber eftirkönnunarprófun á sýnum, sem tekin eru með viðurkenndum hætti og fram fer í síðasta lagi á ræktunartíma fræsins, sýnir að fræ fyrri ættliða hafa uppfyllt skilyrði um stofnfræ hvað varðar ósvikni og hreinleika stofnsins. Í því tilviki skal ræktunarmaðurinn við sýnatökuna tilgreina allt ræktunarsvæðið fyrir fræ af fyrri ættlið. Þessum skilyrðum má breyta í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr.

Aðildarríki skulu krefjast þess að á opinberum merkimiðum fyrir fræ sem er markaðssett í samræmi við heimildina sem um getur í fyrstu undirgrein standi: „eingöngu til sölu í... (viðkomandi aðildarríki)“. Að auki mega aðildarríkin í slíku tilviki krefjast þess að opinberu merkimiðarnir séu einnig merktir með orðunum: „eingöngu fyrir fjölföldun“.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 196, 26. 7. 1975, bls. 6.

2. Í stað 10. gr. komi eftirfarandi:

„10. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að umbúðir stofnfræja, vottaðra fræja og sölufraja, nema þegar fræ í síðarnefnda floknum er í formi EB-smápakka:

a) séu merktar að utan með opinberum merkimiða sem hefur ekki verið notaður áður, sem uppfyllir skilyrði A-hluta IV. viðauka og er á einhverju opinberu tungumáli bandalagsins. Merkimiðinn skal vera hvítur fyrir stofnfræ, blár fyrir vottað fræ af fyrsta ætlið á undan stofnfræi, rauður fyrir vottað fræ af næstu ætliðum og brúnn fyrir sölufra. Þegar notaður er merkimiði með gati skal festing hans tryggð með opinberu innsigli. Ef stofnfræ eða vottað fræ uppfyllir ekki skilyrði II. viðauka um spírunarhæfni, sbr. a-lið 4. gr., skal það koma fram á merkimiðanum. Notkun opinberra límmiða er heimilud. Í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr. má heimila prentun tilskilinna upplýsinga með óafmáanlegu bleki á umbúðirnar, undir opinberu eftirliti og samkvæmt fyrirmynd merkimiðans;

b) innihaldi opinbert skjal, í sama lit og merkimiðinn, með að minnst kosti þeim upplýsingum sem eiga að vera á merkimiðanum samkvæmt 3., 4., og 5. tölul. a-liðar I. hluta í A-hluta IV. viðauka og samkvæmt 2., 4. og 5. tölul. b-liðar fyrir sölufra. Þetta skjal skal vera þannig úr garði gert að ekki sé hægt að rugla því saman við opinbera merkimiðann sem getið er um í a-lið. Skjalið er óþarft ef upplýsingarnar eru prentaðar á umbúðirnar með óafmáanlegu bleki, sbr. ákvæði a-liðar, eða notaður er límmiði eða miði úr efni sem rifnar ekki.

2. Aðildarríkin mega kveða á um frávik frá 1. mgr. fyrir litla pakka af stofnfræi sem eru merktir: „eingöngu til sölu í... (viðkomandi aðildarríki)“.

3. Í stað „loka og merkja opinberlega“ í 10. gr. b komi „loka og merkja opinberlega eða undir opinberu eftirliti“.

4. Í stað „hafa verið merktar og hefur verið lokað eins og lýst er í þessari tilskipun“ í fyrsta og öðrum undirlið 1. mgr. 14. gr. komi „hafa verið merktar og hefur verið lokað opinberlega eða undir opinberu eftirliti“.

5. Í a-lið I. hluta A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„12. Hafi að minnsta kosti spírunarhæfni verið endurprófuð má tilgreina orðin „endurprófað ... (mánuður og ár)“ ásamt yfirvaldi sem ber ábyrgð á endurprófuninni. Slíkar upplýsingar má setja á sjálflímandi miða sem er festur á opinbera merkimiðann.“

6. Í b-lið I. hluta A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„9. Hafi að minnsta kosti spírunarhæfni verið endurprófuð má tilgreina orðin „endurprófað ... (mánuður og ár)“ ásamt yfirvaldi sem ber ábyrgð á endurprófuninni. Slíkar upplýsingar má setja á sjálflímandi miða sem er festur á opinbera merkimiðann.“

7. Í c-lið I. hluta A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„7. Hafi að minnsta kosti spírunarhæfni allra þátta blöndunnar verið endurprófuð má tilgreina orðin „endurprófað ... (mánuður og ár)“ ásamt yfirvaldi sem ber ábyrgð á endurprófuninni. Slíkar upplýsingar má setja á sjálflímandi miða sem er festur á opinbera merkimiðann.“

3. gr.

Tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 75/444/EBE, breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi málgreinar bætast við í 2. gr.:

„1.a Breytingar á skráum yfir tegundir sem getið er um í A-hluta 1. mgr. sem nauðsynlegt er að gera í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda, og varða lýsingar og blendinga sem hafa orðið til vegna víxlæxlana milli tegunda sem falla undir þessa tilskipun, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr.

1.b Í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr. má heimila aðildarríkjunum, með því að víkja frá a-lið F-hluta eða a-lið G-hluta 1. mgr., að vottfesta, sem vottað sáðkorn af fyrsta ætlið eða vottað sáðkorn af öðrum ætlið, sáðkorn tegunda með sjálf-frævon, sem lagt hefur verið fram til vottfestingar sem stofnsáðkorn og sáð hefur verið til með sáðkorni af ætlið á undan stofnsáðkorni en hefur ekki staðist opinbera athugun. Þetta ákvæði gildir ekki um sáðkorn af blendingum. Vottfesting „vottaðs sáðkorns“ fer einungis fram ef umsækjandi æskir þess með samþykki ræktunarmanns og ef opinber eftirkönnunarprófun á sýnum, sem tekin

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

eru með viðurkenndum hætti og fram fer í síðasta lagi á ræktunartíma sáðkornsins, sýnir að sáðkorn fyrri ættliða hafa uppfyllt skilyrði um stofnsáðkorn hvað varðar ósvikni og hreinleika afbrigðisins. Í því tilviki skal ræktunarmaðurinn við sýnatökuna tilgreina allt ræktunarsvæðið fyrir fræ af fyrri ættlið. Þessum skilyrðum má breyta í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr.

Aðildarríki skulu krefjast þess að á opinberum merkimiðum fyrir sáðkorn sem er markaðssett í samræmi við heimildina sem um getur í fyrstu undirgrein standi: „eingöngu til sölu í... (viðkomandi aðildarríki)“. Að auki mega aðildarríkin í slíku tilviki krefjast þess að opinberu merkimiðarnir séu einnig merktir með orðunum: „eingöngu fyrir fjölgöldun“.

2. Í stað 10. gr. komi eftirfarandi:

„10. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að umbúðir stofnsáðkorns og vottaðs sáðkorns af öllum tegundum:

a) séu merktar að utan með opinberum merkimiða sem hefur ekki verið notaður áður, sem uppfyllir skilyrði A-hluta IV. viðauka og er á einhverju opinberu tungumáli bandalagsins. Merkimiðinn skal vera hvítur fyrir stofnsáðkorn, blár fyrir vottað sáðkorn og vottað sáðkorn af fyrsta ættlið og rauður fyrir vottað sáðkorn af öðrum ættlið. Þegar notaður er merkimiði með gati skal festing hans tryggð með opinberu innsigli. Ef stofnsáðkorn eða maískorn uppfyllir ekki skilyrði II. viðauka um spírunarhæfni, sbr. a-lið 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr., skal það koma fram á merkimiðanum. Notkun opinberra límmiða er heimiluð. Í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr. má heimila prentun tilskilinna upplýsinga með óafmáanlegu bleki á umbúðirnar, undir opinberu eftirliti og samkvæmt fyrirmynd merkimiðans;

b) innihaldi opinbert skjal, í sama lit og merkimiðinn, með að minnsta kosti þeim upplýsingum sem eiga að vera á merkimiðanum samkvæmt 3., 4., og 5. tölul. a-liðar A-hluta IV. viðauka. Þetta skjal skal vera þannig úr garði gert að ekki sé hægt að rugla því saman við opinbera merkimiðann sem getið er um í a-lið. Skjalið er óþarft ef upplýsingarnar eru prentaðar á umbúðirnar með óafmáanlegu bleki, sbr. ákvæði a-liðar, eða notaður er

límmiði eða miði úr efni sem rifnar ekki.

2. Aðildarríkin mega kveða á um frávík frá 1. mgr. fyrir litla pakka af stofnsáðkorni sem eru merktir: „eingöngu til sölu í... (viðkomandi aðildarríki)“.

3. Í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr. má heimila aðildarríkjunum, til 30. júní 1980, að halda ákvæðum er leyfa markaðssetningu sáðkorns í umbúðum sem eru með tilskildum upplýsingum en annarri uppsetningu en kveðið er á um í sjötta málslið a-liðar 1. mgr.“

3. Í stað „hafa verið merktar og hefur verið lokað eins og lýst er í þessari tilskipun“ í 1. mgr. 14. gr. komi „hafa verið merktar og hefur verið lokað opinberlega eða undir opinberu eftirliti“.

4. Í a-lið A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„10. Hafi að minnsta kosti spírunarhæfni verið endurprófuð má tilgreina orðin „endurprófað ... (mánuður og ár)“ ásamt yfirvaldi sem ber ábyrgð á endurprófuninni. Slíkar upplýsingar má setja á sjálfmámi miða sem er festur á opinbera merkimiðann.“

5. Í b-lið A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„7. Hafi að minnsta kosti spírunarhæfni allra þátta blöndunnar verið endurprófuð má tilgreina orðin „endurprófað ... (mánuður og ár)“ ásamt yfirvaldi sem ber ábyrgð á endurprófuninni. Slíkar upplýsingar má setja á sjálfmámi miða sem er festur á opinbera merkimiðann.“

4. gr.

Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við 10. gr. tilskipunar ráðsins 68/193/EBE frá 9. apríl 1968 um markaðssetningu efnis fyrir kynlausa fjölgun vínviðar ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 74/648/EBE ⁽²⁾:

„1.a Samt sem áður mega aðildarríkin heimila að 10 pakkar eða búnt af rótuðum ágræðslukvistum með sömu eiginleika, eða fimm pakkar eða búnt af rótuðum græðlingum með sömu eiginleika séu eingöngu merkt með einum merkimiða sem uppfyllir skilyrði IV. viðauka. Pakkarnir eða búntin skulu þá bundin þannig saman að bandið eyðileggist þegar þau eru leyst í sundur og ekki sé hægt að nota það aftur. Merkimiðinn er festur með bandinu. Ekki má loka pökkunum aftur.“

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 93, 17. 4. 1968, bls. 15.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 352, 28. 12. 1974, bls. 43.

5. gr.

Tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 75/444/EBE, breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgreinar bætast við í 2. gr.:

„1.a Breytingar á skráum yfir tegundir sem getið er um í A-hluta 1. mgr. sem nauðsynlegt er að gera í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda, og varða lýsingar og blendinga sem hafa orðið til vegna víxlæxlana milli tegunda sem falla undir þessa tilskipun, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 20. gr.

1.b Í samræmi við málsmeðferðina í 20. gr. má heimila aðildarríkjunum, með því að víkja frá a-lið D-hluta og a-lið E-hluta 1. mgr., að vottfesta, sem vottað fræ af fyrsta ættlið eða vottað fræ af öðrum ættlið, fræ tegunda með sjálffrævun eða tegunda með kynlausri æxlun, sem lagt hefur verið fram til vottfestingar sem stofnfræ og sáð hefur verið til með fræi af ættlið á undan stofnfræi en hefur ekki staðist opinbera athugun. Þetta ákvæði gildir ekki um fræ af blendingum. Vottfesting „vottaðs fræs“ fer einungis fram ef umsækjandi æskir þess með samþykki ræktunarmanns og ef opinber eftirkönnunarprófun á sýnum, sem tekin eru með viðurkenndum hætti og fram fer í síðasta lagi á ræktunartíma fræsins, sýnir að fræ fyrri ættliða hafa uppfyllt skilyrði um stofnfræ hvað varðar ósvikni og hreinleika afbrigðisins. Í því tilviki skal ræktunarmaðurinn við sýnatökuna tilgreina allt ræktunarsvæðið fyrir fræ af fyrri ættlið. Þessum skilyrðum má breyta í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda í samræmi við málsmeðferðina í 20. gr.

Aðildarríki skulu krefjast þess að á opinberum merkimiðum fyrir fræ sem er markaðssett í samræmi við heimildina sem um getur í fyrstu undirgrein standi: „eingöngu til sölu í... (viðkomandi aðildarríki)“. Að auki mega aðildarríkin í slíku tilviki krefjast þess að opinberu merkimiðarnir séu einnig merktir með orðunum: „eingöngu fyrir fjölföldun“.

2. Í stað „30. júní 1978“ í c-lið 2. mgr. 2. gr. komi „30. júní 1982“.

3. Í stað 1. og 2. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að umbúðir stofnfræja, vottaðra fræja af öllum tegundum og sölufræja:

a) séu merktar að utan með opinberum merkimiða sem hefur ekki verið notaður áður, sem uppfyllir skilyrði IV. viðauka og er á einhverju opinberu tungumáli bandalagsins. Merkimiðinn skal vera hvítur fyrir stofnfræ, blár fyrir vottað fræ af fyrsta ættlið á eftir stofnfræi, rauður fyrir vottað fræ af næstu ættliðum og brúnn fyrir sölufræ. Þegar notaður er merkimiði með gati skal festing hans tryggð með opinberu innsigli. Ef stofnfræ uppfyllir ekki skilyrði II. viðauka um spírunarhæfni, sbr. a-lið 4. gr., skal það koma fram á merkimiðanum. Notkun opinberra límmiða er heimiluð. Í samræmi við málsmeðferðina í 20. gr. má heimila prentun tilskilinna upplýsinga með óafmáanlegu bleki á umbúðirnar, undir opinberu eftirliti og samkvæmt fyrirmynd merkimiðans;

b) innihaldi opinbert skjal, í sama lit og merkimiðinn, með að minnsta kosti þeim upplýsingum sem eiga að vera á merkimiðanum samkvæmt 4., 5. og 6. tölul. a-liðar A-hluta IV. viðauka og samkvæmt 2., 5. og 6. tölul. b-liðar fyrir sölufræ. Þetta skjal skal vera þannig úr garði gert að ekki sé hægt að rugla því saman við opinbera merkimiðann sem getið er um í a-lið. Skjalið er óþarft ef upplýsingarnar eru prentaðar á umbúðirnar með óafmáanlegu bleki, sbr. ákvæði a-liðar, eða notaður er límmiði eða miði úr efni sem rifnar ekki.

2. Aðildarríkin mega kveða á um frávik frá 1. mgr. fyrir litla pakka af stofnfræi sem eru merktir: „eingöngu til sölu í... (viðkomandi aðildarríki)“.

4. Í stað „hafa verið merktar og hefur verið lokað eins og lýst er í þessari tilskipun“ í 1. mgr. 13. gr. komi „hafa verið merktar og hefur verið lokað opinberlega eða undir opinberu eftirliti“.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.

5. Í a-lið A-hluta IV.viðauka bætist eftirfarandi:

„11. Hafi að minnsta kosti spírunarhæfni verið endurprófuð má tilgreina orðin „endurprófað ... (mánuður og ár)“ ásamt yfirvaldi sem ber ábyrgð á endurprófuninni. Slíkar upplýsingar má setja á sjálflímandi miða sem er festur á opinbera merkimiðann.“

6. Í b-lið A-hluta IV.viðauka bætist eftirfarandi:

„10. Hafi að minnsta kosti spírunarhæfni verið endurprófuð má tilgreina orðin „endurprófað ... (mánuður og ár)“ ásamt yfirvaldi sem ber ábyrgð á endurprófuninni. Slíkar upplýsingar má setja á sjálflímandi miða sem er festur á opinbera merkimiðann.“

6. gr.

Við 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 70/457/EBE bætist eftirfarandi málsliður:

„Í samræmi við málsmeðferðina í 23. gr. má veita þriðju löndum frest ef og svo lengi sem tiltækar upplýsingar leyfa ekki að tekin sé ákvörðun samkvæmt 1. mgr.“

7. gr.

Tilskipun ráðsins 70/458/EBE breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgreinar bætast við í 2. gr.:

„1a) Breytingar á skráum yfir tegundir sem getið er um í A sem nauðsynlegt er að gera í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda, og varða lýsingar og blendinga sem hafa orðið til vegna víxlæxlana milli tegunda sem falla undir þessa tilskipun, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 40. gr.

1b) Í samræmi við málsmeðferðina í 40. gr. má heimila aðildarríkjunum, með því að víkja frá a-lið C-hluta 1. mgr., að vottfesta, sem vottað fræ af fyrsta ættlið eða vottað fræ af öðrum ættlið, fræ tegunda með sjálfrævun, sem lagt hefur verið fram til vottfestingar sem stofnfræ og sáð hefur verið til með fræi af ættlið á undan stofnfræi en hefur ekki staðist opinbera athugun. Þetta ákvæði gildir ekki um fræ af blendingum. Vottfesting „vottaðs fræs“ fer einungis fram ef umsækjandi æskir þess með samþykki ræktunarmanns og ef opinber eftirkönnunarprófun á sýnum, sem tekin eru með viðurkenndum hætti og fram fer í síðasta lagi á ræktunartíma fræsins, sýnir að fræ fyrri ættliða hafa

uppfyllt skilyrði um stofnfræ hvað varðar ósvikni og hreinleika stofnsins. Í því tilviki skal ræktunarmaðurinn við sýnatökuna tilgreina allt ræktunarsvæðið fyrir fræ af fyrri ættlið. Þessum skilyrðum má breyta í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda í samræmi við málsmeðferðina í 40. gr.

Aðildarríki skulu krefjast þess að á opinberum merkimiðum fyrir fræ sem er markaðssett í samræmi við heimildina sem um getur í fyrstu undirgrein standi: „eingöngu til sölu í... (viðkomandi aðildarríki)“. Að auki mega aðildarríkin í slíku tilviki krefjast þess að opinberu merkimiðarnir séu einnig merktir með orðunum: „eingöngu fyrir fjölföldun“.

2. Í stað 1. mgr. 26. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að umbúðir stofnfræja og vottaðra fræja, nema þegar fræ í síðarnefnda flokknum er í formi EB-smápakka:

a) séu merktar að utan með opinberum merkimiða sem hefur ekki verið notaður áður, sem fullnægir skilyrðum A-hluta IV. viðauka og er á einhverju opinberu tungumáli bandalagsins. Merkimiðann má setja innan í gegnsæjar umbúðir svo framarlega sem hægt er að lesa á hann í gegnum þær. Merkimiðinn skal vera hvítur fyrir stofnfræ og blár fyrir vottað fræ. Þegar notaður er merkimiði með gati skal festing hans tryggð með opinberu innsigli. Ef stofnfræ uppfyllir ekki skilyrði II. viðauka um spírunarhæfni, sbr. 21. gr., skal það koma fram á merkimiðanum. Notkun opinberra límmiða er heimiluð. Í samræmi við málsmeðferðina í 40. gr. má heimila prentun tilskilinna upplýsinga með óafmáanlegu bleki á umbúðirnar, undir opinberu eftirliti og samkvæmt fyrirmynd merkimiðans;

b) innihaldi opinbert skjal, í sama lit og merkimiðinn, með að minnsta kosti þeim upplýsingum sem eiga að vera á merkimiðanum samkvæmt 4., 5., 6. og 7. tölul. a-liðar A-hluta IV. viðauka. Þetta skjal skal vera þannig úr garði gert að ekki sé hægt að rugla því saman við opinbera merkimiðann sem getið er um í a-lið. Skjalið er óþarft ef upplýsingarnar eru prentaðar á umbúðirnar með óafmáanlegu bleki, sbr. ákvæði a-liðar, eða merkimiðinn er innan í gegnsæjum umbúðum eða notaður er límmiði eða miði úr efni sem rifnar ekki.“

3. Í 26. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

„1a Aðildarríkin mega kveða á um frávík frá 1. mgr. fyrir litla pakka af stofnfræi sem eru merktir: „eingu til sölu í... (viðkomandi aðildarríki)“.“

4. Í stað „hafa verið merktar og hefur verið lokað eins og mælt er fyrir um í þessari tilskipun“ í 1. mgr. 30. gr. komi „hafa verið merktar og hefur verið lokað opinberlega eða undir opinberu eftirliti“.

5. Við 2. mgr. 32. gr. bætist eftirfarandi málslíður:
„Í samræmi við málsmæðferðina í 40. gr. má veita þriðju löndum frest ef og svo lengi sem tiltækar upplýsingar leyfa ekki að tekin sé ákvörðun samkvæmt 1. mgr.“

8. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnarsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að:

— ákvæðum 6. gr. og 5. mgr. 7. gr. 1. júlí 1977,

— ákvæðum 2. mgr. 5. gr. 1. júlí 1978,

— öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar eigi síðar en 1. júlí 1979.

9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. desember 1977.

Fyrir hönd ráðsins,

H. SIMONET

forseti.